Nr. 32.
11. júlí.

# Lög

um

## úrskurðarvald sáttanefnda.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 50 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefur eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.

b. Þegar sáttanefnd hefur eftir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut, að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust að skylt sje honum að greiða hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýms auka-atriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómaksþóknun til skuldheimtumanns og kostnað.

Sáttanefnd ritar í sáttabók og les fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, svo og viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans.

2. gr.

Fyrirmæli 1. gr. gilda þó ekki:

a. Þegar skuldheimtumaður hefur gert það, til að tryggja kröfu sína, að hann hefur beitt kyrsetningu eða lögbanni, sem mótmælt er af skuldunaut.

b. Þegar fleiri en einn hafa kærðir verið við sáttanefnd um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sje rjett.

3. gr.

Nú kemur kærandi eigi á sáttafund, og sáttanefnd hefur eigi ástæðu til að ætla, að lögleg forföll hamli, en kærði kemur þar og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefnd þá ákveða honum með úrskurði hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að kveða upp þegar á staðnum, ef auðið er, ella eigi síðar en á 14 daga fresti. Taka skal fram í úrskurðinum berum orðum, ef hann er upp kveðinn í viðurvist málsaðila.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

**Nr. 32.**
11. Juli.

om

## Forligskommissioners retsafgørende Myndighed.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Gældssager, hvor Gældsbeløbet ikke overstiger 50 Kr., skal Forligskommissionen, naar Klageren fremsætter Begæring derom, afsige Kendelse i følgende Tilfælde:

a. Naar Indklagede til Trods for lovlig Indkaldelse ikke giver Møde til Forligsmæglingen og Forligskommissionen ikke har Grund til at antage, at han er lovlig forhindret i at give Møde enten personlig eller ved en Fuldmægtig.

b. Naar Forligskommissionen efter forgæves Forligsforsøg har opfordret Debitor til at give et bestemt Svar angaaende den ham afkrævede Gæld og han fuldt ud erkender Fordringens Rigtighed uden dog at ville indgaa paa Forlig, — eller naar der ikke kan opnaas Enighed om underordnede Punkter, saasom Betalingsfristen, Renter og Godtgørelse til Klageren for Ulejlighed og Omkostninger.

Forligskommissionen indfører i Forligsprotokollen og oplæser for Parterne de af Klageren fremsatte Fordringer saavel som Indklagedes Anerkendelse eller Indsigelse.

§ 2.

Bestemmelserne i § 1 komme dog ikke til Anvendelse:

a. Naar Kreditor til Sikkerhed for Fordringen har foretaget en Arrest- eller Forbudsforretning, hvis Lovlighed af Debitor bestrides.

b. Naar der for Forligskommissionen indkaldes flere Debitorer i Anledning af den samme Fordring, og de ikke alle erkende Fordringens Rigtighed.

§ 3.

Naar Klageren ikke giver Møde til Forligsmæglingen og Forligskommissionen ikke har Grund til at antage, at han er lovlig forhindret, medens Indklagede giver Møde og forlanger den ham paaførte Ulejlighed godtgjort, skal Forligskommissionen tilkende ham en passende Godtgørelse.

§ 4.

Afgørelser i Henhold til denne Lov bør saa vidt muligt træffes paa Stedet eller senest inden 14 Dage. Hvis Parterne ere til Stede ved Afgørelsen skal dette bemærkes i Kendelsen.

Nr. 32.
11. júlí.

Nú telur sáttanefndin málið eigi svo vaxið, að úrskurður verði kveðinn upp í því, og vísar hún þá málinu til dóms og laga, ef kærandi krefst þess.

5. gr.

Skipa skal varasáttanefndarmann í hvert sáttahjerað, og sezt sá í mál, ef annarhvor sáttanefndarmanna er við það riðinn, eða getur eigi setið í sáttanefndinni fyrir forföll eða af öðrum ástæðum, svo og er sáttanefndarmenn skilur á um málalok; þá ræður þeim afl atkvæða.

6. gr.

Nú telur sáttanefnd skuldheimtumann hafa rjett fyrir sjer, og skal hún þá tiltaka í úrskurði sínum aðalfjárhæð þá, er greiða ber, og vexti, ef þeim ber og að svara, svo og ómakslaun til skuldheimtumanns og kostnað, að meðtalinni þóknun fyrir að koma á sáttafund, og skal þá meðal annars hafa hliðsjón á því, hvort skuldheimtumaður hefur átt fleiri málum en einu þar að gegna samtímis. Sama er og þegar þóknun er úrskurðuð eftir 3. gr.

7. gr.

Rita skal í sáttabók úrskurð sáttanefndar, og það er hún vísar máli til dóms og laga eftir 4. gr.

8. gr.

Úrskurði sáttanefndar má fullnægja með sama hætti og hjeraðsdómi, ef eigi er áfrýjað (sbr. 11. gr.). Fullnægingarfrestur skal vera 4 vikur, hafi málsaðilar eigi orðið á annað sáttir við nefndina, og ber að telja frest þann frá þeirri stund, er úrskurður var upp kveðinn, hafi það verið gert að málsaðilum viðstöddum; ella frá því er hann var birtur.

9. gr.

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

10. gr.

Nú er gert eftirrit af úrskurði til þess að áfrýja honum, og skal þá hafa í því öll skjöl, sem fram hafa komið í sáttanefnd, og alt það, er ritað hefur verið um málið í sáttabók.

11. gr.

Skjóta má úrskurði sáttanefndar og aðför eftir honum undir hjeraðsdóm rjettan án nýrrar sáttastefnu, og má þar jafnan koma að nýjum skilríkjum, en mótmælum því að eins, að eigi fari í bág við það, er málsaðilar hafa við kannast frammi fyrir sáttanefnd, og hún ritað í sáttabók að sáttatilraun árangurslausri, og hafi málsaðili þá undirskrifað sáttabókina.

Áfrýja skal úrskurði sáttanefndar áður en liðnir sjeu 4 mánuðir frá því er hann var upp kveðinn, hafi málsaðilar verið viðstaddir, en frá birtingu hans ella. Sama er og um aðför eftir úrskurði sáttanefndar, og sje fresturinn talinn frá því er aðför var gerð.

Naar Forligskommissionen ikke mener at Sagen er af saadan Beskaffenhed, at den kan træffe en Afgørelse, henviser den Sagen til Domstolene, hvis Klageren begærer dette.

§ 5.

I hver Forligskreds udnævnes en Stedfortræder for Forligskommissærerne, der tager Sæde i Kommissionen, naar den ene af Forligskommissærerne er interesseret i Sagen eller ikke kan tage Sæde i Kommissionen paa Grund af Forfald eller af andre Grunde, samt naar Forligskommissærerne ikke kunne blive enige om Sagens Afgørelse, i hvilket Fald Beslutning tages ved Stemmeflerhed.

§ 6.

Naar Forligskommissionen finder Klagerens Fordring begrundet, skal den i Kendelsen fastsætte den ham tilkommende Sum, eventuelt med Tillæg af Renter, samt Godtgørelse for den Klageren paaførte Ulejlighed og Udgifter ved at indbringe Sagen for Forligskommissionen og give Møde for samme. Herved skal der bl. a. tages Hensyn til, hvorvidt Kreditor paa samme Tid skulde give Møde i Anledning af flere Sager, hvilken Bestemmelse ogsaa kommer til Anvendelse ved Fastsættelsen af den i § 3 omhandlede Godtgørelse.

§ 7.

Forligskommissionens Kendelse saavel som Sagens Henvisning til Domstolenes Afgørelse i Henhold til § 4 indføres i Forligsprotokollen.

§ 8.

Naar en af Forligskommissionen afsagt Kendelse ikke appelleres (jfr. § 11), kan den fuldbyrdes paa samme Maade som en Underretsdom; hvis Parterne ikke for Forligskommissionen ere indgaaede paa andet, kan Fuldbyrdelsen finde Sted efter 4 Ugers Forløb, hvilken Frist, saafremt Parterne var til Stede, da Afgørelsen blev truffet, regnes fra dette Tidspunkt, men ellers fra dens Forkyndelse.

§ 9.

For Afsigelse og Protokollation af en Kendelse betales 1 Kr. til hver af de paagældende Forligskommissærer. For Udskrift af Forligsprotokollen erlægges 50 Øre for hvert ½ Ark eller mindre.

§ 10.

Naar der til Brug ved Appel tages Udskrift af en Kendelse, skal deri optages alle for Forligskommissionen fremlagte Dokumenter samt alt, hvad der er indført i Forligsprotokollen vedrørende Sagen.

§ 11.

En af Forligskommissionen afsagt Kendelse og en i Henhold til samme foretagen Eksekution kan uden ny Indkaldelse til Forligsmægling indankes for Underretten, hvor nye Bevisligheder altid kan fremlægges, medens nye Indsigelser kun kunne fremsættes for saa vidt som de ikke stride imod, hvad Parterne have indrømmet for Forligskommissionen og af denne er indført i Forligsprotokollen efter at Forligsforsøget var strandet, og skal Parten da have underskrevet Forligsprotokollen.

Appel af en af Forligskommission afsagt Kendelse maa foretages inden 4 Maaneder, der regnes fra dens Afsigelse, hvis Parterne var til Stede ved denne, i modsat

Nr. 32.
11. júlí.

12. gr.

Rjett er að hreppstjóri geri í umboði fógeta aðför og haldi nauðungaruppboð í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald eftir 4. gr. í lögum 13. desember 1895, um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

Nr. 32. Lög 11. júlí um úrskurðarvald sáttanefnda.

Fald fra dens Forkyndelse. Det samme gælder med Hensyn til Appel af en i Henhold til Kendelsen foretaget Eksekution, i hvilket Tilfælde Fristen regnes fra Tidspunktet for Eksekutionens Udførelse. Nr. 32. 11. Juli.

§ 12.

Eksekutioner og Tvangsauktioner i Anledning af Gældssager kunne, naar Gælden ikke overstiger 100 Kr., paa Fogedens Vegne udføres af Repstyreren i Overensstemmelse med de derom gældende Regler. For disse Forretninger tilkommer der Repstyreren den i § 4 i Lov af 13. December 1895 om Forandring i §§ 1, 5, 6 og 8 i Lov af 13. Januar 1882 om Betaling for Repstyrere og andre, som udføre tinglige Forretninger, fastsatte Betaling.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

---

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*

Nr. 32. Lov af 11. Juli om Forligskommissioners retsafgørende Myndighed.